

# Reglur um úthlutun menningarstyrkja Múlapings

## Hlutverk

### 1.gr.

Byggðaráð Múlapings auglýsir styrki til menningarstarfs og úthlutar þeim samkvæmt reglum þessum. Framlag til úthlutunar er ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar Múlapings.

## Styrkúthlutanir

### 2.gr.

Múlaþing veitir menningarstyrki til einstaklinga, hópa, félagssamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar liststarfsemi eða verkefna. Byggðaráð getur ákveðið sérstakar áherslur við styrkúthlutun hverju sinni og verða þær þá að koma fram í auglýsingu. Styrkir eru einungis greiddir út á því ári sem þeir eru veittir og færast ekki á milli ára nema sérstaklega sé um það samið.

Styrkupp hæð getur aldrei numið meira en 50% af heildarkostnaði verkefnisins.

## Verkefnastyrkir

### 3.gr.

Sótt skal um styrki til menningarverkefna á þar til gerðu eyðublaði þar sem m.a. eftirfarandi kemur fram:

- Lýsing á verkefninu og gildi þess fyrir menningarlífið
- verk- og tímaáætlun um framkvæmd þess
- fjárhagsáætlun verkefnisins og fjármögnun þess
- upphæð sem sótt er um

Ekki er styrkt til náms, reksturs eða viðhalds á húsnæði.

Byggðaráð Múlapings auglýsir tvisvar sinnum á ári eftir styrkjum til menningarstarfsemi til eflingar menningarlífi í sveitarfélaginu. Fyrri úthlutun verður að þessu sinni auglýst eigi síðar en 16.nóvember 2021 með úthlutun eigi síðar en í lok janúar 2022.

Seinni úthlutun skal auglýst eigi síðar en 15. ágúst 2022 og úthlutun skal lokið fyrir 1. október 2022.

Í einstaka tilvikum getur sveitarfélagið gert langtíma samninga við einstaklinga, menningarstofnanir, félög og listahópa sem sannað hafa gildi sitt í menningarlífi í Múlaþingi eða geta með skýrum hætti sýnt fram á gildi starfs síns.

## Mat á umsóknum

### 5.gr.

Við mat á umsóknum er horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið / starfsemin auðgar menningarlífið í Múlaþingi og hvernig fjármunirnir nýtast í því samhengi.
- Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt og hversu raunhæft verkefnið er í framkvæmd.
- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.
- Úthlutanir endurspegli breidd, nýmæli og framsækni og að endurnýjun eigi sér stað í hópi styrkþega.
- Að umsókn fylgi ársreikningur eða fjárhagsyfirlit fyrir síðasta starfsár og fjárhagsáætlun fyrir það næsta (eftir því sem við á).

Byggðaráð Múlaþings áskilur sér rétt til að hafna umsóknum.

Umsækjendur um styrk verða að tengjast Múlaþingi með búsetu, eða með því að viðburðurinn fari fram í Múlaþingi eða feli í sér kynningu á menningarstarfsemi á Múlaþings.

Samkvæmt 21. grein Stjórnsýslulaga þarf ekki að rökstyðja ákvörðun um úthlutun styrkja á sviði lista og menningar. Við auglýsingu á viðburði skal styrkþegi láta styrkveitingu Múlaþings koma fram.